

**Tilkynning til embættis sérstaks saksóknara vegna meintra brota á 5., 78., 93., 126. og 127. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, 19. og 88. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, 5. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og 153. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélag auk mögulegra brota á 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.**

Fjármálaeftirlitið kærði þann 4. desember 2009 til embættis sérstaks saksóknara, sbr. 1. gr. laga nr. 135/2008, um embætti sérstaks saksóknara og með vísan til 112. gr. d laga nr. 161/2002 og 148. gr. laga nr. 108/2007, fjármálafyrirtæki, þáverandi stjórn þess og nokkra starfsmenn vegna gruns um brot í tengslum við víðskipti með skráð hlutabréf og lánveitingar þeim tengdum.

Árið 2007 keypti fjármálafyrirtæki mikið magn af eigin hlutabréfum auk hlutabréfa í tengdu félagi. Mikilvægt var fyrir fjármálafyrirtækið að geta selt þessi bréf vegna takmarkana á eignarhaldi á eigin hlutabréfum og óaskilegs krosseignarhalds. Stofnað var eignarhaldsfélag um hlutabréfin og víðskiptavinum boðið að fjárfesta í því. Fjárfestarnir lögðu fram tæplega 10% eiginfjárframlag og lánaði fjármálafyrirtækið það sem á vantaði gegn veði í hluta af hlutabréfunum og sölu- og veðsetningarbanni á eignum félagsins. Skömmu eftir víðskiptin lækkaði gengi eignasafnsins og þar með verðmæti trygginganna. Fjárhagsleg staða eignarhaldsfélagsins varð fljótt mjög slæm en þrátt fyrir það lánaði fjármálafyrirtækið til frekari hlutabréfakaupa. Þá var óverulegt afskriftaframlag fært vegna félagsins þrátt fyrir að staða þess var ljós. Ennfremur er talið að fjármálafyrirtækið hafi ekki greint Fjármálaeftirlitinu rétt frá stöðunni í skýrslugjöf auk þess sem ársreikningar og árshlutareikningar gáfu ekki rétta mynd.

Í 5. gr. laga nr. 108/2007 segir að fjármálafyrirtæki skuli starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða víðskiptahætti og venjur í verðbréfavíðskiptum, með trúverðugleika fjármálamarkaðarins og hagsmuni víðskiptavina að leiðarljósi.

78. gr. sömu laga fjallar um flöggunarskyldu, þ.e. að eigandi, sem aflar eða ráðstafar hlutum í útgefanda hlutabréfa sem tekin hafa verið til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, skuli senda með sannanlegum hætti tilkynningu til viðkomandi útgefanda og Fjármálaeftirlitsins ef öflunin eða ráðstöfunin leiðir af sér að atkvæðisréttur hans nær, hækkar yfir eða lækkar niður fyrir tiltekin mörk.

93. gr. laga nr. 108/2007 segir að útgefandi skuli birta opinberlega hlutfall eigin hluta ef öflunin eða ráðstöfunin leiðir til þess að hlutfallið nær, hækkar yfir eða lækkar niður fyrir 5% eða 10% atkvæðisréttar.

Samkvæmt 1. mgr. 126. gr. laga nr. 108/2007 skal fruminnherji áður en hann, eða aðili fjárhagslega tengdur honum, á víðskipti með fjármálagerninga útgefandans, tilkynna það regluverði. Fruminnherji skal með sama hætti tilkynna án tafar hafi hann eða aðili fjárhagslega tengdur honum átt víðskipti með fjármálagerninga útgefandans. Viðkomandi útgefandi skal samdægurs tilkynna um víðskiptin til Fjármálaeftirlitsins. Í 2. mgr. 126. gr. vvl. segir að ákvæði 1. mgr. gildi einnig um fyrirhuguð víðskipti með fjármálagerninga sem tengdir eru fjármálagerningum skv. 1. mgr.

Samkvæmt 1. mgr. 127. gr. vvl. ber útgefanda, auk tilkynninga um víðskipti innherja samkvæmt 126. gr., að birta þegar í stað almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu upplýsingar um víðskipti stjórnenda

útgefanda með hluti í útgefandanum, og aðra fjármálagerninga tengda þeim, eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli. Í 2. mgr. 127. gr. segir að hið sama eigi við um aðila fjárhagslega tengda framangreindum stjórnendum.

19. gr. laga nr. 161/2002 er sambærileg við 5. gr. laga nr. 108/2007 og fjallar um góða viðskiptahætti og venjur. Samkvæmt greininni skal fjármálafyrirtæki starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði.

88. gr. sömu laga fjallar um góða reikningsskilavenju og kveður á um að ársreikningur skuli gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu fjármálafyrirtækis. Hann skal gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju og innihalda m.a. rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar og upplýsingar um liði utan efnahagsreiknings.

Með vísan til nefndra lagaákvæða og atvika málsins ákvað Fjármálaeftirlitið að vísa bæri málinu til sérstaks saksóknara.